

# **KJARASAMNINGUR**

**SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA  
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG  
ANNARRA AÐILA SEM HÚN HEFUR  
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR**

**OG**

**SAMIÐNAR**

**SAMKOMULAG UM BREYTINGAR OG FRAMLENGINGU KJARASAMNINGS**

**GILDISTÍMI:  
1. MAÍ 2014 til 30. APRÍL 2015**



## EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur.....	3
2.	Framlenging gildandi kjarasamninga.....	3
3.	Laun samkvæmt gr. 1.1.1. ....	3
4.	Lágmarkslaun.....	3
5.	Persónuuppbót / Desemberuppbót .....	3
6.	Frídagar vegna yfirvinnu .....	3
7.	Grein 2.6.7 um uppgjörsmáta á vinnu á sérstökum frídögum og stórhátíðum.....	4
8.	Ráðningarsamningar.....	4
9.	Starfsmenntunarsjóður .....	4
10.	Atkvæðagreiðsla .....	4
11.	Bókanir með kjarasamningi .....	5
12.	Fylgiskjal I: launatafla.....	7
13.	Fylgiskjal II: Tengitafla VIÐ STARFSMAT.....	9
15.	Fylgiskjal IV: Viðræðuáætlun .....	11

**Samband íslenskra sveitarfélaga og SAMIÐN  
gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og  
framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. INNGANGUR**

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfelli, einfalda og samræma kjarasamninga, auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

Í samkomulaginu felast almennar launahækkanir auk aðgerða sem koma til móts við framkvæmd svokallaðs jafnlaunaátaks/raunfærnimats ríkisins.

**2. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA**

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**3. LAUN SAMKVÆMT GR. 1.1.1.**

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflu og tengitöflu í fylgiskjali I.

Launatafla:      Gildir frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015.

Tengitafla:      Gildir frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015.

**4. LÁGMARKSLAUN**

Eftirfarandi breyting verður á fjárhæðum lágmarkslauna samkv. gr. 1.1.1.2:

Frá 1. maí 2014, kr. 229.549.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

**5. PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT**

Persónuuppbót / desemberuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 kr. 93.500.

**6. FRÍDAGAR VEGNA YFIRVINNU**

Grein 2.3.10. hljóði svo:

Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að 10 frídögum á ári vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuá lagið skal greitt við næstu reglulegu útborgun.

Frí vegna yfirvinnu frá fyrra ári, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, skal greitt út sem dagvinnustundir við næstu reglulegu útborgun.

*Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns. Yfirvinnuálag skal ekki tekið út í frii, heldur skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e. þegar yfirvinnan ella hefði komið til greiðslu.*

## 7. GREIN 2.6.7 UM UPPGJÖRSMÁTA Á VINNU Á SÉRSTÖKUM FRÍDÖGUM OG STÓRHÁTÍÐUM

Grein 2.6.7 hljóði svo:

Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins, getur í stað greiðslna skv. gr. 2.3.2 fengið frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár, eða hlutfallslega ef þjónusta fer ekki fram alla sérstaka frídaga og stórhátíðar daga. Vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga sbr. framanritað, skal auk þess launa með á lagi skv. gr. 1.6.1, sé þessi kostur valinn. Ávinnsla leyfisins miðast við almanaksárið. Starfsmaður sem óskar eftir að breyta vali sínu á milli leyfis og greiðslu, skal tilkynna það skriflega til viðkomandi stofnunar fyrir 1. desember næst á undan.

## 8. RÁÐNINGARSAMNINGAR

Grein 11.1.3.1 hljóði svo:

Ætið skal gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmann, sbr. samning aðila um ráðningarsamninga og Evróputilskipun. Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

*Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum er rétt að staðfesta skriflega eigi síðar en mánuði eftir að breytingarnar taka gildi.*

## 9. STARFSMENNTUNARSJÓÐUR

Aðilar eru sammála um að frá og með 1. maí 2014 hækki iðgjald í starfsmenntunarsjóði stéttarfélaganna um 0,1% af heildarlaunum félagsmanna.

## 10. ATKVÆÐAGREIÐSLA

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 10. september 2014. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 14:00 þann 10. september 2014 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 14. ágúst 2014

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
með fyrirvara um samþykki stjórnar

F.h. SAMIÐNAR, með fyrirvara um  
samþykki félagsmanna

*Engarín Ólafsdóttir  
Solveig Þórunn Guðmundsson  
Bjarni Ólafsson  
Benedikt Valur*

## 11. BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGI

### Bókun 1 um tilhögun vaka

Aðilar eru sammála um að skipulag vaktavinnu þar sem vaktir eru mislangar, fleiri og styttri en starfshlutfall starfsmanns kveður á um þannig að hann þurfi að koma til starfa oftar en einu sinni á sólarhring sé íþyngjandi fyrir viðkomandi starfsmann umfram það sem almennt gerist.

Á samningstímanum munu aðilar kanna vaktafyrirkomulag hjá þeim sveitarfélögum sem um ræðir og leita leiða til úrbóta í samvinnu við sveitarfélögin.

### Bókun 2 um vaktavinnunámskeið

Aðilar stefna að því að starfsmenn sem vinna á reglubundnum vöktum skuli eiga þess kost að sækja námskeið í gerð vaktskráa sem taka mið af líkamsklukku og heilsuvernd. Enn fremur með hvaða hætti hægt sé að tryggja að tekið sé tillit til nýjustu þekkingar á áhrifum vaktavinnu á starfsmenn við skipulagningu vinnunnar. BSRB kallar saman starfshóp BSRB, ASÍ og SNS til að vinna málið áfram.

### Bókun 3 um endurskoðun vinnulags og verkferla starfsmatsins

Verkefnastofa starfsmats hefur á hendi starfsmat sveitarfélaga. Starfsmatið er viðvarandi samstarfsverkefni þeirra sveitar- og stéttarfélaga sem um það hafa samið í kjarasamningum og þau mynda með sér starfsmatsnefndir, annars vegar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hins vegar hjá Reykjavíkurborg. Nefndirnar mynda eina faglega samráðsnefnd, sem tekur stefnumótandi ákvarðanir varðandi þróun kerfisins og önnur fagleg málefni. Samráðsnefndin stofnar sameiginlega áfrýjunarnefnd, sem hefur það hlutverk að taka til meðferðar og úrskurða um kærur vegna starfsmatsniðurstöðu.

Samningsaðilar eru sammála um að leggja sameiginlega endurskoðunarvinnu á vinnulagi og verkferlum starfsmatsins, sem hófst á haustmánuðum 2012, til grundvallar að breyttum starsreglum starfsmatsnefndar aðila. Markmið breytinganna er að bæta verklag, auka skilvirkni og málshraða. Aðilar eru sammála um að fyrir lok október 2014 verði tillögur að nýjum starsreglum lagðar fram í starfsmatsnefnd til afgreiðslu. Helstu efnisatriði sem starsreglurnar ná til eru eftirfarandi:

- Starfshættir starfsmatsnefndar
- Málsmeðferð
- Skilyrði starfsmats og flokkun starfa
- Skipulag starfsmatsviðtala
- Endurmat starfa
- Endurskoðun starfsmats
- Fræðsla og kynning

Með yfirstandandi endurskoðunarvinnu samstarfsaðila starfsmatsins vilja aðilar treysta umgjörð starfsmatskerfisins sem réttmæts og áreiðanlegs mælitækis er metur sambærileg og jafn verðmæt störf á kynhlutlausán hátt.

#### **Bókun 4 um endurskoðun á starfsmatsniðurstöðum**

Aðilar eru sammála um að þörf sé á markvissri heildarendurskoðun á starfsmatsniðurstöðum og starfsmatskerfinu til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli störf og starfsumhverfi sveitarfélaga. Endurskoðunarvinnan felur meðal annars í sér samanburð á mati á störfum þvert á svið (þverkeyrsla) og starfsstaði sveitarfélaga og þess gætt að ekki sé um ómálefnalegen mismun að ræða. Breytingar sem leiða til launahékkana vegna þessarar endurskoðunar munu taka gildi frá upphafi þessa samnings.

#### **Bókun 5 um jafnræði í launum óháð stéttarfélagsaðild**

Aðilar eru sammála um að beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að jafnræðis verði gætt í launum þeirra starfsmanna sem vinna sömu og/eða sambærileg störf innan sveitarfélags, óháð stéttarfélagsaðild.

#### **Bókun 6 um sérákvæði**

Aðilar eru sammála um að sérákvæði einstakra stéttarfélaga sem fylgdu fyrri kjarasamningi haldi áfram gildi sínu.

#### **Bókun 7 viðbót við bókun 3 um endurskoðun vinnulags og verkferla starfsmatsins**

Aðilar eru sammála um að tryggt verði að fulltrúi iðnaðarmannafélaga komi beint að sameiginlegri vinnu um endurskoðun vinnulags og verkferla starfsmatsins og útfærslu á launa- og tengitöflu, sem farið verður í á samningstímanum.

Aðilar eru einnig sammála um að tryggja beina aðkomu iðnaðarmannafélaga að þeim kjaraviðræðum sem í hönd fara samkvæmt meðfylgjandi viðræðuáætlun.

Aðilar eru sammála um nauðsyn þess að vinna markvisst að því að laun iðnaðarmanna hjá sveitarfélögnum þróist í takt við það sem almennt gerist og því mikilvægt að endurskoðun starfsmatsins endurspegli þann vilja.

## 12. FYLGISKJAL I: LAUNATAFLA

Launatafla I										
Gildir frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015										
L.fl.	Grunn-laun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	Persónu-álag 16%	
115	229.549	234.140	238.731	243.322	247.913	252.504	257.095	261.686	266.277	
116	232.074	236.715	241.357	245.998	250.640	255.281	259.923	264.564	269.206	
117	234.627	239.320	244.012	248.705	253.397	258.090	262.782	267.475	272.167	
118	237.208	241.952	246.696	251.440	256.185	260.929	265.673	270.417	275.161	
119	239.817	244.613	249.410	254.206	259.002	263.799	268.595	273.391	278.188	
120	242.455	247.304	252.153	257.002	261.851	266.701	271.550	276.399	281.248	
121	245.122	250.024	254.927	259.829	264.732	269.634	274.537	279.439	284.342	
122	247.818	252.774	257.731	262.687	267.643	272.600	277.556	282.513	287.469	
123	250.544	255.555	260.566	265.577	270.588	275.598	280.609	285.620	290.631	
124	253.300	258.366	263.432	268.498	273.564	278.630	283.696	288.762	293.828	
125	256.086	261.208	266.329	271.451	276.573	281.695	286.816	291.938	297.060	
126	258.903	264.081	269.259	274.437	279.615	284.793	289.971	295.149	300.327	
127	261.751	266.986	272.221	277.456	282.691	287.926	293.161	298.396	303.631	
128	264.630	269.923	275.215	280.508	285.800	291.093	296.386	301.678	306.971	
129	267.541	272.892	278.243	283.593	288.944	294.295	299.646	304.997	310.348	
130	270.484	275.894	281.303	286.713	292.123	297.532	302.942	308.352	313.761	
131	273.459	278.928	284.397	289.867	295.336	300.805	306.274	311.743	317.212	
132	276.467	281.996	287.526	293.055	298.584	304.114	309.643	315.172	320.702	
133	279.508	285.098	290.688	296.278	301.869	307.459	313.049	318.639	324.229	
134	282.583	288.235	293.886	299.538	305.190	310.841	316.493	322.145	327.796	
135	285.691	291.405	297.119	302.832	308.546	314.260	319.974	325.688	331.402	
136	288.834	294.611	300.387	306.164	311.941	317.717	323.494	329.271	335.047	
137	292.011	297.851	303.691	309.532	315.372	321.212	327.052	332.893	338.733	
138	295.223	301.127	307.032	312.936	318.841	324.745	330.650	336.554	342.459	
139	298.470	304.439	310.409	316.378	322.348	328.317	334.286	340.256	346.225	
140	301.753	307.788	313.823	319.858	325.893	331.928	337.963	343.998	350.033	
141	305.072	311.173	317.275	323.376	329.478	335.579	341.681	347.782	353.884	
142	308.428	314.597	320.765	326.934	333.102	339.271	345.439	351.608	357.776	
143	311.821	318.057	324.294	330.530	336.767	343.003	349.240	355.476	361.712	
144	315.251	321.556	327.861	334.166	340.471	346.776	353.081	359.386	365.691	
145	318.719	325.093	331.468	337.842	344.217	350.591	356.965	363.340	369.714	
146	322.225	328.670	335.114	341.559	348.003	354.448	360.892	367.337	373.781	
147	325.769	332.284	338.800	345.315	351.831	358.346	364.861	371.377	377.892	
148	329.352	335.939	342.526	349.113	355.700	362.287	368.874	375.461	382.048	
149	332.975	339.635	346.294	352.954	359.613	366.273	372.932	379.592	386.251	

<b>Launatafla I</b>										
Gildir frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015										
150	336.638	343.371	350.104	356.836	363.569	370.302	377.035	383.767	390.500	
151	340.341	347.148	353.955	360.761	367.568	374.375	381.182	387.989	394.796	
152	344.085	350.967	357.848	364.730	371.612	378.494	385.375	392.257	399.139	
153	347.870	354.827	361.785	368.742	375.700	382.657	389.614	396.572	403.529	
154	351.697	358.731	365.765	372.799	379.833	386.867	393.901	400.935	407.969	
155	355.566	362.677	369.789	376.900	384.011	391.123	398.234	405.345	412.457	
156	359.477	366.667	373.856	381.046	388.235	395.425	402.614	409.804	416.993	
157	363.431	370.700	377.968	385.237	392.505	399.774	407.043	414.311	421.580	
158	367.429	374.778	382.126	389.475	396.823	404.172	411.520	418.869	426.218	
159	371.471	378.900	386.330	393.759	401.189	408.618	416.048	423.477	430.906	
160	375.557	383.068	390.579	398.090	405.602	413.113	420.624	428.135	435.646	
161	379.688	387.282	394.876	402.469	410.063	417.657	425.251	432.844	440.438	
162	383.865	391.542	399.220	406.897	414.574	422.252	429.929	437.606	445.283	
163	388.088	395.850	403.612	411.373	419.135	426.897	434.659	442.420	450.182	
164	392.357	400.204	408.051	415.898	423.746	431.593	439.440	447.287	455.134	
165	396.673	404.606	412.540	420.473	428.407	436.340	444.274	452.207	460.141	
166	401.036	409.057	417.077	425.098	433.119	441.140	449.160	457.181	465.202	
167	405.447	413.556	421.665	429.774	437.883	445.992	454.101	462.210	470.319	
168	409.907	418.105	426.303	434.501	442.700	450.898	459.096	467.294	475.492	
169	414.416	422.704	430.993	439.281	447.569	455.858	464.146	472.434	480.723	
170	418.975	427.355	435.734	444.114	452.493	460.873	469.252	477.632	486.011	
171	423.584	432.056	440.527	448.999	457.471	465.942	474.414	482.886	491.357	
172	428.243	436.808	445.373	453.938	462.502	471.067	479.632	488.197	496.762	
173	432.954	441.613	450.272	458.931	467.590	476.249	484.908	493.568	502.227	
174	437.716	446.470	455.225	463.979	472.733	481.488	490.242	498.996	507.751	
175	442.531	451.382	460.232	469.083	477.933	486.784	495.635	504.485	513.336	
176	447.399	456.347	465.295	474.243	483.191	492.139	501.087	510.035	518.983	
177	452.320	461.366	470.413	479.459	488.506	497.552	506.598	515.645	524.691	
178	457.296	466.442	475.588	484.734	493.880	503.026	512.172	521.317	530.463	
179	462.326	471.573	480.819	490.066	499.312	508.559	517.805	527.052	536.298	
180	467.412	476.760	486.108	495.457	504.805	514.153	523.501	532.850	542.198	



## 13. FYLGISKJAL II: TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

**TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT**

Gildir frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015

Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
115	249	256
116	257	264
117	265	274
118	275	284
119	285	294
120	295	304
121	305	314
122	315	324
123	325	334
124	335	344
125	345	354
126	355	363
127	364	372
128	373	381
129	382	390
130	391	399
131	400	408
132	409	417
133	418	426
134	427	433
135	434	440
136	441	447
137	448	454
138	455	461
139	462	468
140	469	475
141	476	482
142	483	489
143	490	496
144	497	503
145	504	510
146	511	517
147	518	524
148	525	531
149	532	538

<b>TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT</b>		
Gildir frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015		
Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
150	539	545
151	546	552
152	553	559
153	560	566
154	567	573
155	574	580
156	581	587
157	588	594
158	595	601
159	602	608
160	609	615
161	616	622
162	623	629
163	630	636
164	637	643
165	644	650
166	651	657
167	658	664
168	665	671
169	672	678
170	679	685
171	686	692
172	693	699
173	700	706
174	707	713
175	714	720
176	721	727
177	728	734
178	735	741
179	742	748
180	749	755

## 15. FYLGISKJAL III: VIÐRÆÐUÁÆTLUN

### Fyrirkomulag kjaraviðræðna

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar tímasetta áætlun um innihald og framgang viðræðna. Einnig komi samningsaðilar sér saman um hvort einstök mál verði rædd af sameiginlegri viðræðunefnd eða beint við stéttarfélagið.

Fundi skal að jafnaði halda í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra.

- **Sameiginleg mál**

Sameiginleg viðræðunefnd ræði mál er varða hagsmuni allra stéttarfélaganna sem ekki verða með góðu móti rædd við félögin hvert í sínu lagi s.s. um starfsmat, tengitöflu, launatöflu og önnur atriði sem samræemd eru milli kjarasamninganna.

Nefndin verði skipuð sex fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjórum fulltrúum frá BSRB og tveimur frá ASÍ. Kröfur komi fram fyrir lok janúar 2015.

- **Sérmál**

Samninganefnd sambands íslenskra sveitarfélaga mun taka upp viðræður við einstök stéttarfélög um málefni er varða þau sérstaklega og ekki eru á borði sameiginlegrar viðræðunefndar. Kröfur komi fram fyrir lok janúar 2015.

### Framgangur í starfi

Aðilar eru sammála um að vinna að nánari útfærslu á gr. 10.2.3 með það að markmiði að hún nái einnig til skilgreinds starfstengds náms á vegum fræðsluaðila, sem hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og eftir atvikum öðrum lögum. Skipuð verði sameiginleg sex manna nefnd aðila, tveimur fulltrúum frá BSRB, einum frá ASÍ og þremur frá SNS, sem hefur það hlutverk að meta námsleiðir og úrskurða hvort námið og fræðsla fellur undir ákvæði samnings þessa. Aðilar skulu skilgreina hvaða starfstengdu námsbrautir geta fallið hér undir og skal þeirri vinnu lokið í síðasta lagi 30. apríl 2015. Þar verði einnig skoðað með hvaða hætti hægt væri að meta framhaldsnám í viðurkenndum starfsgreinum.

### Leiðréttung launatöflu og tengitöflu

Aðilar eru sammála um að áfram verði unnið að lagfæringu á launatöflunni og tengingu hennar við starfsmat svo að stigabil verði sem jafnast. Fyrir lok september 2014 verði hafnar viðræður um útfærslur á launatöflu og tengitöflu sem taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings aðila.

### Fatamál starfsmanna

Aðilar eru sammála um að skipa nefnd til að fara yfir fatamál starfsmanna sem komi með tillögur um að heimilt verða að greiða fyrir fatnað að hluta í stað fatnaðar sem um getur í grein 8.2.5, einkum hjá starfsmönnum skóla.

Nefndin skal skipuð sex aðilum, tveimur fulltrúum frá BSRB, einum frá ASÍ og þremur frá SNS. Nefndin skal skila niðurstöðum sínum fyrir lok nóvember 2014.



### **Endurskoðun viðræðuáætlunar**

Fyrir lok mars 2015 skulu aðilar meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara skv. 1. mgr. 24.gr. laga nr. 80/1938.

